

Þessi útgáfa af skilmálunum gildir frá 15. janúar 2026. Smelltu [hér](#) til að sjá fyrri skilmála sem gilda til 15. janúar 2026.

1. Hvers vegna eru upplýsingarnar mikilvægar?

Styrktarframlagaeiginleikinn er eiginleiki í Revolut-forritinu sem gerir góðgerðasamtökum kleift að skrá sig svo þau geti tekið við styrktarframlögum frá þér.

Þessir skilmálar („**skilmálar um styrktarframlög**“) gilda um samband þitt og **Revolut Bank UAB** eða útibús þess sem útvegar þér notandareikninginn þinn („**Revolut**“). Þeir gilda um alla notkun þína á styrktarframlagaeiginleikanum í Revolut-forritinu.

Lestu þessa skilmála vandlega.

2. Hvað er styrktarframlagaeiginleikinn?

Styrktarframlagaeiginleikinn er eiginleiki í Revolut-forritinu sem gerir góðgerðasamtökum kleift að skrá sig til að fá styrktarframlög frá viðskiptavinum Revolut eins og þér. Þú getur styrkt viðkomandi góðgerðasamtök strax eða gert áætlun um reglubundin styrktarframlög. Við innheimtum þessi styrktarframlög af þér og greiðum þau til góðgerðasamtakanna. Við köllum styrktarframlögin „**fjármuni**“.

Öll skráð góðgerðasamtök geta sótt um að vera skráð í gegnum styrktarframlagaeiginleikann. Hins vegar verðum við að samþykkja góðgerðasamtök áður en þau geta skráð sig í gegnum styrktarframlagaeiginleikann.

3. Hvað verður um fjármunina?

Öllum fjármunum sem gefnir eru til tiltekinna góðgerðasamtaka er safnað og haldið eftir fyrir hönd góðgerðasamtakanna og síðan greiddir reglulega til þeirra. Við og góðgerðasamtökin gerum samkomulag um tíðni greiðslna frá okkur til þeirra og gjaldmiðilinn sem greiðslur eru gerðar í.

Stundum hafa góðgerðasamtök sem skráð eru í gegnum styrktarframlagaeiginleikann verið samþykkt af öðru fyrirtæki innan Revolut-samstæðunnar en okkur. Í þeim tilvikum gilda allir þessir skilmálar um styrktarframlög áfram en við sendum fjármuni

til hins fyrirtækisins, sem innheimtir þá og greiðir reglulega til góðgerðasamtakanna í stað okkar.

4. Eru innheimt gjöld fyrir þjónustuna?

Við innheimtum engin gjöld af góðgerðasamtökum fyrir að nota styrktarframlagaeiginleikann. Við innheimtum heldur engin gjöld af þér fyrir þjónustuna. Fjármunir sem þú leggur fram renna óskiptir til góðgerðasamtakanna, með fyrirvara um gjaldmiðlaskipti sem kunna að eiga sér stað í samræmi við samkomulag okkar við góðgerðasamtökin (t.d. ef fjárframlag þitt er í evrum, en góðgerðasamtökin vilja fá greitt í Bandaríkjadöllum umreiknum við evrurnar þínar í Bandaríkjadali áður en þær eru sendar til góðgerðasamtakanna).

5. Hvaða góðgerðasamtök get ég styrkt?

Þú getur styrkt öll þau góðgerðasamtök sem eru skráð í gegnum styrktarframlagaeiginleikann.

Öll samtök sem eru skráð sem góðgerðasamtök geta sótt um að vera skráð í gegnum styrktarframlagaeiginleikann, en við verðum að samþykkja viðkomandi samtök áður en þau eru teljast skráð. Við getum samþykkt, hafnað eða fjarlæggt góðgerðasamtök að eigin ákvörðun hvenær sem er. Við ábyrgjumst ekki að nein tiltekin góðgerðasamtök verði alltaf aðgengileg í styrktareiginleikanum.

Þegar góðgerðasamtök sækja um skráningu verða þau að tilgreina í hvaða tilgangi þau vilja taka við styrktarframlögunum. Ef sá tilgangur er samþykktur samþykkja góðgerðasamtökin um leið að nýta fjármunina einungis í þeim tilgangi. Við köllum þetta „málstaðinn“. Þrátt fyrir að við krefjumst þess að góðgerðasamtök samþykki að nota aðeins fjármunina í þágu málstaðarins getum við ekki ábyrgst að það verði gert.

6. Hvernig get ég gert áætlun um, framkvæmt eða afturkallað styrktarframlög?

Sem stendur er hægt að greiða styrktarframlög með eftirfarandi hætti, en við kunnum hvenær sem er að bæta við eða fjarlægja aðferðir við greiðslu styrktarframlaga.

- Þú getur framkvæmt stakt styrktarframlag samstundis.

- Þú getur gert áætlun um reglubundin styrktarframlög til lengri tíma.
- Þú getur gefið okkur fyrirsmáli um að námunda skiptimynt í næstu heilu tölu fyrir öll innkaup sem þú gerir og láta mismuninn renna til styrktarframlags.

Þú getur afturkallað hvaða styrktarframlag sem er áður en það er framkvæmt, en þú getur ekki afturkallað neitt styrktarframlag eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd og ekki er hægt að endurgreiða slíkt framlag. Þetta á við um öll styrktarframlög, hvort sem þau eru greidd sem stakt framlag, með námundun skiptimyntar eða sem áætlun um reglubundin styrktarframlög. Ef þú hefur til dæmis gert áætlun um reglubundin styrktarframlög getur þú afturkallað áætlunina daginn fyrir áætlaðan greiðsludag, en getur ekki afturkallað styrktarframlagið eftir að það hefur verið greitt út.

Jafnvel þótt við bjóðum upp á greiðslur í rafmynt á þínu svæði getur þú aðeins greitt styrktarframlag í valdboðsgjaldmiðli af Revolut-reikningnum þínum. Við eða góðgerðasamtökin gætum einnig sett takmörk á upphæðir styrktarframlaga í valdboðsgjaldmiðlum frá þér. Þetta þýðir að þú getur ekki greitt styrktarframlag beint í sýndargjaldmiðli eða öðrum gjaldmiðli sem þú notar á Revolut-reikningnum þínum. Hins vegar er hægt að breyta þessari rafmynt eða öðrum gjaldmiðli í valdboðsgjaldmiðil, eða öðrum gjaldmiðli í valdboðsgjaldmiðil, og framkvæma því næst styrktarframlagsgreiðsluna.

Allar greiðslur styrktarframlaga falla undir [persónulega skilmála okkar](#) og lúta þeim.

Hvernig virkar námundun skiptimyntar?

Ef þú gefur okkur fyrirsmáli um að „námunda skiptimyntina mína“ í næstu heilu tölu á öllum kortafærslum sem þú gerir og láta mismuninn renna til styrktarframlaga munum við gera það. Með því að virkja eiginleikann „Námunda skiptimyntina mína“ heimilar þú okkur að taka út upphæð af Revolut-reikningnum þínum á bilinu 0,01 til 0,99 evrur fyrir hverja kortafærslu (eða samsvarandi upphæð í gjaldmiðli kortafærslunnar) og láta þá fjármuni renna til styrktarframlaga. Nákvæm upphæð styrktarframlagsins fer eftir upphæð kortafærslunnar og hún má hvorki hækka né lækka. Ef þú kaupir til dæmis kaffi fyrir 3,40 evrur námundum við færsluna upp í 4,00 evrur og mismunurinn, 0,60 evrur, verður nýttur til styrktarframlags. Þú getur gert „Námunda skiptimyntina mína“ virkt eða óvirkt í forritinu en það er aðeins hægt að virkja eiginleikann fyrir ein góðgerðasamtök í senn.

Þú getur einnig valið að „efla“ námundun skiptimyntar. Þetta þýðir að þú getur heimilað okkur að hækka framlag þitt sem nemur margfeldi af 2 til 10. Ef þú „eflir“ sem nemur margfeldi af 10, heimilar þú notkun til að taka út upphæð af Revolut-

reikningnum þínum sem nemur allt að 9,90 evrum fyrir hverja kortafærslu (eða samsvarandi upphæð í gjaldmiðli kortafærslunnar).

7. Hvar verður unnið úr persónuupplýsingunum mínum?

Í [persónuverndaryfirlýsingu](#) okkar er að finna ítarlegar upplýsingar um hvernig Revolut vinnur úr og verndar persónuupplýsingar þínar þegar þér eru veittar vörur, þjónusta og eiginleikar.

8. Lagaleg atriði

Revolut gefur ekki út skattkvittanir/vottorð. Ef þú þarft á slíku að halda skaltu hafa beint samband við góðgerðasamtökin.

Samningur okkar við þig

Aðeins þú og við höfum réttindi samkvæmt þessum skilmálum.

Þessi samningur gildir aðeins fyrir þig og þú getur ekki framselt réttindi þín eða skyldur samkvæmt honum til annarra.

Revolut vinnur eingöngu með millifærslur á styrktarframlögum og ber enga ábyrgð á starfsemi, rekstri eða notkun fjármuna hjá góðgerðasamtökum. Revolut styður ekki, vaktar eða stjórnar þeim góðgerðasamtökum sem styrktarframlögin renna til. Eina skuldbinding Revolut samkvæmt þessum skilmálum er að greiða styrktarframlög samkvæmt fyrirmælum frá þér og Revolut tekur enga ábyrgð á neinum athöfnum, yfirlýsingum eða vanefndum góðgerðasamtakanna.

Gildandi lög, dómstólar og tungumál

Gildandi lög, dómstólar og tungumál sem eiga við um þennan samning eru tilgreind í [persónulegu skilmálunum](#) sem gilda fyrir þinn persónulega reikning. Ef ósamræmi er á milli persónulegu skilmálanna og þessara skilmála um styrktarframlög skulu þessir skilmálar um styrktarframlög gilda.

Þrátt fyrir það geturðu borið fyrir þig lögboðnar reglur um neytendavernd í landinu þar sem þú býrð.

Réttur okkar til að framfylgja þessum samningi

Ef þú hefur brotið gegn þessum samningi á milli þín og okkar og við framfylgjum ekki réttindum okkar eða það verður töf á því að við framfylgjum þeim kemur það ekki í veg fyrir að við getum framfylgt þeim síðar. Þetta á einnig við um hvers konar önnur lagaleg réttindi sem við framfylgjum ekki samstundis.

Riftun þessa samnings

Samkomulagið hefst þegar þú samþykkir þessa skilmála. Þú verður að samþykkja þá til að byrja að nota styrktarframlagaeiginleikann.

Þú getur hætt að nota styrktarframlagaeiginleikann hvenær sem er með því að slökkva á eiginleikanum í Revolut-forritinu.